

Fundur haldinn í grunnskólanum á Ásabraut kl. 17.30.

1. Venjulega aðalfundarstörf.
 - a. Kosning fundarstjóra: Formaður félagsins, Klara Halldórsdóttir, stingur uppá að hún verði sjálf fundarstjóri. Samþykkt.
 - b. Klara fór yfir atriði úr Aðalnámskrá Grunnskóla og tók út þau sem snúa að hlutverki foreldrafélaga.
 - c. Formaður les upp ársskýrslu félagsins:
 - Aðalfundur félagsins 2014
 - Jólaföndur
 - Víðavangshlaup
 - Vogleði
 - Hafragrautur: Farið var í í haust samstarf félagsins við grunnskólann um að hafa á morgnanna hafragraut í báðum skólum. Foreldrafélagið greiðir efniskostnað en skólinn starfsmenn og aðstöðu.Samþykkt.
 - d. Kostning nýrrar stjórnar: Þeir foreldrar sem fara úr stjórn núna eru Klara Halldórsdóttir, Sigríður Ingólfssdóttir, Una Herdís Jóhannesdóttir og Ingunn Halldórsdóttir. Á fundinum bauð Ægir Viktorsson sig fram í stjórnina. Búið var að undirstinga þrjá foreldra til að koma í félagið. Þeir foreldrar komust ekki á fundinn en voru til í að vera með í félaginu. Það eru Elva Björk Guðmundsdóttir, Eva Björg Sigurðardóttir og Krístrún Ingadóttir. Þrír foreldrar halda áfram í stjórninni frá fyrra ári og eru það Herdís Gunnlaugsdóttir, Ingigerður Gísladóttir og Bjarney Steinunn Einarsdóttir. Samþykkt.
 - e. Ársreikningur: Klara Halldórsdóttir, formaður, las yfir ársreikninginn. Samþykktur.
2. Fyrirlestur á tölvutæku formi sem Þórdís Elva Þorvaldsdóttir hefur tekið upp og heitir „Ber það sem eftir er“.

3. Annað:

- a. Umræður um fyrirlesturinn: Rætt að þessi fyrirlestur mætti vera sýndur fyrir börnin í skólanum. Foreldrafélagið mun athuga það og vera fljótlega í sambandi við Halldóru, skólastjóra um það. Einnig kom fram að gæta þyrfti þess að nemendur fái árlega almenna fræðslu tengt netnotkun.
- b. Síma-og netnotkun barna í grunnskólanum: Foreldri af fundinum ræddi að það virðist ekki vera fastar reglur eða þeim fylgt eftir af stjórnendum og kennurum varðandi notkun nemenda á sínum og nets á skólatíma og í kennslustundum. Foreldrafélagið ákvað að taka að sér að tala við skólastjóra um stefnu skólans í að nemendur noti síma og netið í kennslutímum.

4. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19.00.

Fundarritari var Ingigerður Gísladóttir.